

Gert 30 apríl 2015.

Bítlarnir bara fylgja fólki.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

Texti: KRF

Ljósmyndirnar eru ekki eign höfundar nema hún af honum sjálfum.



Þótt langt sé um liðið frá því að höfundur fyrst heyrði í hljómsveit að nafni The Beatles er sannleikurinn sá að hún hefur fylgt honum í gegnum lífið og er enn með honum 30 apríl 2015. Sumir kalla þetta eflaust að vilja ríghalda í það sem eitt sinn var en á ekki við í tilviki höfundar sem telur sig hafa báðar fætur á jörðinni. Samt getur vel verið að þetta viðhorf eigi við hjá fólki í einhverjum undantekningartilvikum þó fullyrða megi að sé ekki hið algenga er kemur að þessu máli. Enda Bítlavinir upp

til hópa raunsætt fólk með visku til að horfa í kringum sig og vita hvaða dagur sé núna og hvað þurfi að kljást við í dag og að fortíðin sé liðin og komi ekki til baka. Minningar margskonar eru annað mál. Þær elta okkur hvert sem við förum og hvernig sem okkur líkar en á manns eigin valdi hvernig eru afgreiddar. Og hví ekki að halda í þann part lífsins sem bara skilaði góðu einu til manns? Hvað væri rangt við slíkt viðhorf? Ekkert og með heldur enga truflun í för með sér um úrlausnarefni dagsins. Blasa þau enda öll saman við.

Eitt sinn gerðist það á stað sem höfundur bjó þá á að hann barst í tal manna og einn í hópnum spurði hvort hann væri ekki eitthvað í trúnni þessi, og átti við höfund, og reyndi með orðalagi sínu að setja einhvern skríttinn stimpill á kauða fyrir trú hans, líkt og stundum vill gerast. En því öllu saman var snarlega ýtt út af borðinu með næstu setningu sem var: " Þessi! Aldeilis ekki! Hann er brjálaður Bítill. " Meira þurfti ekki til og ekki laust við að höfundur hafi stigið hænufti á áliti hins sem skyndilega tók að efast. Og hitt! góða fréttin í málinu! Menn

eiga sér fleiri hauka í horni (sanna vini) en þá grunar sem taka af höggið og við fæst vitum af þegar á sér stað. Og máski sem betur fer. Og hver nennir að eltast við slíkt? Sumt berst okkur óbeðið til eyrna eins og þessi ágæta saga sem var ekki bara ágæt heldur líka smá fyndin. Enda flutt höfundi í þeim tóni. Segið svo að Bítlarnir séu friðarspillar. Allavega ekki í þessu máli og ljóst að eftirfylgni höfundar við sína Bítla bjargaði andliti hans. Alltént þann daginn.





Þegar maður les upphafsögu The Beatles gegnum umfjöllun dagblaðanna frá 1963- 1964 og hljómsveitin svona að hefja sinn frægðarferil og menn að byrja að heyra í henni en málið samt komið nógu langt áleiðis að krakkarnir eru byrjaðir að öskra sig hás hvar sem meðlimir sveitarinnar koma fram hvort sem er á hljómleikum eða á almennum vettvangi (sem þeir gátu víst lítið leyft sér að gera sökum átroðslu æstra aðdáenda) kemur það ágætlega vel fram hvað blaðamenn og þeir sem fjölluðu um The Beatles á þessum árum töluðu oft illa um þá og notuðu háðskt orðalag samanvið athugasemdir sem voru út í hött og

allir í dag taka undir að hafi verið. Hér er ekki lagður neinn dómur á þetta ágæta fólk í sjálfu sér heldur meira verið að benda á hvað það oft sjái skammt fram á veginn og sé fljótt að dæma það sem það sér og gera ranglega. Í dag má tala með þessum hætti eins og hér er gert en var vitaskuld erfiðara til að byrja með af því einu að sagan öll skráist eftir á og er reglan í þessu. Það sem af þessu má læra er að gæta orða sinna og fara mýkri höndum um mál sem menn fjalla um á hverjum tíma en kannski gert var oft á tíðum. Við skiljum ekki alltaf allt sem fyrir augu okkar ber í núinu. Það sanna ágætlega sum af þessum skrifum sumra fréttamanna frá upphafsárum Bítlanna. Með tímanum getur sem sé hið gangstæða komið í ljós með burði til að gera þessa penna sem með þeim hætti rituðu hlægilega vegna skammsýni þeirra, því ósköp eðlilega fyrirbæri í mannheimum sem þó maðurinn á að geta lært af. Sannleikurinn er að allskonar er ennþá að gerast í kringum okkur. En svona er tíðarandinn sem fólk lifir í og getur fátt annað. Er tíðarandinn hverju sinni enda öflugur.



Í raun og veru var þetta ágæta fólk sem var til staðar og tók viðtölin vitni að upphafi merkistíma og áhugaverðrar bylgju sem reis hátt og svo hátt reyndar að engin jarðarbúi gat horft framhjá því sem var gerast né heldur að taka afstöðu til. Svo risavaxið var verkefnið. Urðu vitni að upphafi allskonar breytinga á klæðaburði, hársídd og allskonar svoleiðis og tónlistarsmekk manna sem allur varð frjálslægri og gaf nýliðum rými sem ekki var áður til staðar. Með í öllu þessu voru fjölmiðlamenn þó ekki væri það komið fram

þegar Bítlaæðið er að fara af stað en gerðist með fóðrinu sem til varð af því er lengra leið á skemmtunina og fjörið. Háðulega orðaðar fréttir af atburðum til að byrja með koma af einni ástæðu. Þeirri að fréttamenn á þessum árum í raun og veru sáu ekki sjálfa fréttina með þessum ungu piltum ættuðum úr Liverpool í Englandi. Vel þekkt og þess valdandi að menn dæma ranglega það sem þeir eru að upplifa.




Höfundur er til að mynda minnistæð orð Ringo Starr trommuleikarans knáa sem þandi húðir á öllum plötum The Beatles og tók þátt í hljómsveitahaldi þessarar merkilegu hljómsveitar á meðan hljómsveitar stóðu fólki enn til boða frá henni. Margir Bítlavínir og aðrir muna að öllu tónleikahaldi The Beatles lauk endanlega árið 1966. Eins og Paul McCartney lét hafa eftir sér við fréttamann sjónvarpsstöðvar eitthvað að þá leið að þeir vildu spila fyrir fólk, það væri ekki málið, en ef engin vildi hlusta og þeir heyrðu ekki einu sinni í sjálfum sér væri öll framför hjá þeim útilokuð. Og bæti við eitthvað í þeim dúr að tónleikaferðir heftu þá í

tónlistinni og allri sköpun. Er Paul segir sín orð er allt annað uppi á teningum hvað alla fjölmiðlaumfjöllun um The Beatles áhrærir sem aukin viðurkenning sér um að breyta. En um þá hlið málsins er ekki verið að fjalla að þessu sinni heldur hitt atriðið sem líka var þarna og af svolítið öðrum toga spunnið. Eins lesendur hafa komist að raun um. Öll mál hafa tvær hliðar.

Það sem Ringo sagði og vakti höfundur sinn áhuga var að til byrja með hafi menn bara hlegið að þeim og ekki þótt þeir neitt sérlega áhugaverðir karakterar. Skemmtilegir að vísu og uppatektarsamir og allt saman það en fráleitt neindir snillingar og var svona mórallinn í kringum þetta þá hvað The Beatles áhræði. (Minni á að höfundur er hér að fjalla um upphafsár Bítlanna ekki þau sem síðar komu.) Þetta sá maður svo vel og skildi betur hvað trommarinn knái átti við þegar maður fór að lesa sig til um þessi upphafsár Bítlanna og að kafa ofan í dagblöð frá þessum tíma en ekki lesa seinni tíma útfærslur manna um The Beatles. Sú umfjöllun hefur yfirleitt á sér allt annan blæ en var til að byrja með og menn sjálfir búnir að lesa útgefin skrif eins og þau komu fyrir af kúnni og hafa óbreitt í gömlum dagblöðum útgefnum á þessum árum fyrir augum sínum. Allt fróðleg upprifjun.

Skrif manna voru í háðuglegri tóntegund og lítið gert úr öllum þeirra hæfileikum, söngnum, hljóðfæraleiknum, textasmíðinni og lagagerð og bara nefndu það. Inn í þetta atriði koma kannski svör George Harrison hins knáa og skemmtilega gítarleikar The Beatles sem sagði aðspurður við spyrjanda sinn: "Við kunnum ekkert." George átti nokkra frábæra söngva sem gefin voru út með hljómsveitinni en ekki samt mjög mörg.



Svona var þetta til að byrja með þó ljóst væri að breiðurnar af ungu fólki meðtæki verkin frá The Beatles og fylgdist með hverju þeirra spori.



Eitt sem skrifað var um þá, líka þekkt í Bítlasögunni, var að The Beatles væru það sem þeir væru einvörðungu fyrir tilstuðlan góðs umboðsmanns sem hefði "tekið þá að sér" og gert þá að því sem þeir þá voru orðnir. Ekki svo að skilja að þáttur góðs umboðsmann sé neitt léttvægur. En rísandi sól yfir fólki bendir til hæfileika þeirra sem sólin rís yfir og getur

ekki verið af neinum öðrum orsökum en hæfileikum einstaklinga sem þessi sól er yfir þó að aðrir hjálpi til við verkið og komi að málum, sem er annað mál og algengt að gerist. Popparinn, dægurlagagagularinn, var nú ekki hátt skrifaður í þann tíð og eitthvað sem átti bara að hætta þessu og fá sér vinnu eins og maður. Sumir kannast við þennan. Allt svona lagað tók breytingum á þessu tímabili og er staðan að þessu leit önnur í dag en gekk og gerðist þá. Enn sjáum við áhrifin sem þessir fjórir ungu Bresku menn höfðu til framtíðar litið þó líklegt sé að engin af þeim hafi gert sér í hugarlund áhrifin sem yrðu til lengri tíma litið.

Á vissan hátt er þetta rétt með umboðsmanninn því hann hefur sambönd og þekkingu umfram nýliðann sem kemur bláeygur á svæðið og ratar varla aftur út úr húsinu sem hann fór inn í. Í fyrstu veit hann ekki hvert best sé að snúa sér né leita fanga, vilji hann koma hjómsveit sinni eða sér sjálfum á framfæri í þessum erfiða heimi sem tónlistinn er, hvað eigin verk áhrærir.

Staðreynd málsins er, segir svolítið um mikilvægi góðs umboðsmanns, að eitt sinn voru meðlimir hljómsveitarinnar The Beatles ungir menn sem fáir vissu um og þurftu að fara nákvæmlega sömu leið og allir aðrir er kom að þessum málum. Góður umboðsmaður þekkir marga og er partur af ákveðinni heild sem gerir hann góðan á sínu sviði. Hann veit hvert best sé að beina erindi sínu og fær mögulega komið mönnum á blað fólks með rétta aðstöðu. En að búa til eitthvað sem menn hafa ekki hæfileika til að gera er ekki á valdi nokkurs umboðsmanns né að viðkomandi fái neitt átt við, sama hversu góður umboðsmaður hann sé. Um það atriði geta menn vel orðið sammála.



Með öðrum orðum að þá er frábærasti umboðsmaður í öllum heiminum engin Guð og þarf eins og aðrir menn að notast við það sem hann hefur úr að móða og reyna að ná því besta fram sem þegar er til staðar í fólki.

Sama getur góður upptökumaður og hljóðmaður framkvæmt eins og má segja um Sir George Martin upptökumann Bítlanna sem alltént má reikna með að hafi stundum skotið góðum hugmyndum að piltunum er þeir voru í hljóðveri. Enda sjálfur afbragðs fær maður með gríðarlega þekkingu og reynslu þegar kemur að hverskonar hljóðupptökum í hljóðveri og hvaðeina annað sem að hljómplötuupptökum snýr.

Höfundur er og minnisstæð ummæli Johns Lennons sem eitt sinn sagði aðspurður um nákvæmlega þetta atriði, þátt umboðsmannsins í velgengni The Beatles, munum að svona var oft rætt um mál tengt hljómsveitinni á upphafsárum hennar - (Hér er ekki hallað neitt á Brian Epstein þann frábæra skipuleggjanda, einstakling og mann. Blessuð sé minning hans) - að hvað væri þessi ágæti umboðsmaður þeirra án The Beatles og hæfileikanna sem byggði í hljómsveitinni? Innlegg Johns er akkúrat kjarni málsins. Hver í dag efast um hæfileika meðlima The Beatles né þátt hljómsveitarinnar í mannkynssögunni og dægurlagsins almennt? Engin. Þetta breytir þó ekki hinu að svona voru oft orð margra á fjölmiðlunum á upphafsárum



merkilegustu hljómsveitar allra tíma sem menn fyrir margt löngu hafa viðurkennt og til undirstrikunnar máli sínu og aðdáun veitt fjölda verðlauna fyrir framlag piltanna til tónlistar í formi göfgunar allskonar. Tíðarandinn sér svo skammt.

Margt annað mætti þessum ungu mönnum eins og eitt sinn í boði háttvirtara stjórnmalamanna út í líklega Bandaríkjunum og mikið um dýrðir í veislunni og fjöldi virðulegra manna og kvenna samankomið á þessum stað að manneskja ein á staðnum vindur sér að einum úr The Beatles með skæri í hendi og klippti lokk úr hári hans. Ekki til að eiga sér minningu um þennan samfund þeirra heldur benda viðkomandi á hársíddina og mikilvægi þess að fara allavega öðru hvoru til hárskera. Eins og viðkomandi kæmi það mál eitthvað við. Er svona háttsemi eitthvað annað en dónaskapur? Við munum athyglina sem hársídd ungu mannanna vakti og sumar spurningar sem dundu á þeim af vörum blaða- og fréttamanna sem á sinn hátt voru þó áhugaverðir og líka merkilegir í sjálfu sér. Átt við blaðamannafundina. Hvort þetta tiltekna atvik sem hér er vísað í varð til þess að þeir sögðu skilið við þessar þingmanna veislur skal ósagt látið en að þeim tímapunkti kom að meðlimir The Beatles lokuðu á allt slíkt. Enda áhöld um hvað starfandi rokkhljómsveit hafi í veislu pólitíkurinnar að gera. Eitt er að semja söngva annað að útbúa landslög.



Þegar maður sér svona lagað og fræðist betur um þetta bæði af vídeómyndum og blaðalestri fyllist maður aðdáun á þessum ungu mönnum og dáist að hve rólegir og yfirvegaðir þeir voru þrátt fyrir allskonar sem á þeim dundi og ekki allt neitt sérlega sanngjarnt né getur hafa verið neitt sérlega skemmtilegt. Strangt til tekið er maður bara að horfa á hreina og beina harðjajla og menn svo sannarlega með bein í nefinu, eins og stundum er sagt. Sjálfur minnst maður ekki að hafa heyrt neitt um akkúrat þetta mál af vörum fjörmeninganna frá Liverpool nema í kannski það skipti sem Ringo Starr minnst á málið og áður er getið um í þessari samantekt. En ummæli hans koma fram í Anthology- safninu sem gefið var út um sögu Bítlanna 1996 og sett á átta vídeóspólur og gríðarmikið að vöxtum og sögunni þeirri arna þrýðileg skil gerð.

Svo við víkjum í lokin í fáeinum orðum að hinni hlið málsins og aðdáunina sem gekk þarna með og tók svo alveg yfir og The Beatles enn að störfum á sínum mestu velgengisárum að þá er til saga af blaðamanni, ungum manni, sem aðhylltist Bítlanna og var einn af aðdáendum að hann var sendur á fund þeirra af blaðinu sem hann þá vann á til að taka við þá viðtal og koma til baka með fréttirnar til blaðsins sem birti allt heila klabbið. Hljómsveitin hélt fund þennan á hóteli því sem hún þá dvaldist á í Englandi og þar upp á efstu hæð, muni höfundur rétt. Hvað um það að þeir sem mættir voru sátu allir á bekk í öðru herbergi og biðu stilltir og hljóðir eftir boðuðum fundi. Hurð opnast og út kemur sjálfur Paul McCartney í öllu sínu veldi og bíður fólkinu sem sat á bekknum góðan daginn. Blaðamarinn ungi og aðdáandi bara starði og trúði ekki sínu eigin augum hver þarna stæði beint fyrir framan sig og óvíst um hvort hann hafi tekið undir kveðjuna af geðhræringunni einni saman sem gegntók manngreyið á því andartaki. " Vá maður! Sjálfur Paul McCartney "- stundi maðurinn upp með sjálfum sér í kannski ekki lotningu en hreinni aðdáun. Segir frá því að Paul hafi gengið

rakleitt að glugga á herberginu og veifað til fólksins sem stóð fyrir neðan og að hróp aðdáenda hafi borist upp til þeirra af götunni þar sem þeir sátu. Fylgir með í sögunni að Paul hafi gengið burt frá þessum glugga og horfið inn í herbergið þaðan sem hann kom út og að fundurinn ekki hafist fyrr en nokkru seinna.

Hvað skoðun sem menn kunna að hafa á svona löguðu að þá var hún sannleikur og menn, sumir hverjir, upplifðu nærveru þeirra með slíkum hætti.

Í sama hefur höfundur sjálfur lent annarstaðar og við annað tækifæri og þekkir áhrifin sem nærvera sumra manna hefur á fólk að hann veit ósköp vel um það sem þessi ágæti blaðamaður upplifði þarna á staðnum að er sinn raunveruleiki.

Á einum stað segir John Lennon, sem á þessu tímabili átti í einhverjum erfiðleikum með líf sitt og menn ræddu um eftir útgáfu lags Bítlanna " Help " lagið er eftir Lennon - að " Máttur Bítlanna "- eins og John lýsti þessi sjálfur, athyglisvert, hafi fleytt honum í gegnum sitt erfiðleika tímabil. Það nefnilega bjó ákveðin máttur í öllu þessu sem þarna fór fram hvað sem menn að öðru leiti hafa um það mál allt saman að segja. Merkistímar þessir Bítlatímar. Annað verður ekki sagt.

John Lennon • imagine... all the outtakes
the alternate album VT-118

- 1 **imagine** (3:14)
version 2, take 1
- 2 **crippled inside** (3:47)
take 17
- 3 **jealous guy** (4:25)
take 2
- 4 **it's so hard** (2:28)
take 2
- 5 **i don't wanna be a soldier mama**
i don't wanna die (5:37)
take 2
- 6 **gimme some truth** (3:36)
alternate vocal
- 7 **oh my love** (2:55)
take 2
- 8 **how do you sleep?** (6:45)
alternate vocal
- 9 **how?** (3:42)
alternate vocal a
- 10 **oh yoko!** (5:46)
take 9
- 11 **"just a little story..."** (0:34)
studio monologue
- 12 **well (baby please don't go)** (5:51)
take 1

imagine...
john lennon
...all the outtakes
the alternate album

John Lennon • imagine... all the outtakes
the alternate album VT-118

VIGOTONE
VT-118

© MCMXCIV Vigotone. All Rights Reversed. You know the rest...

Gert til skemmtunar og vonandi líka fróðleiks
Kveðja KRF.